



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 12/2019

## Lénið eydirinn.is

### I.

#### Erindið

Með erindi Meindýraeyðis Íslands ehf. til Neytendastofu, dags. 25. júní 2018, var kvartað yfir notkun Meindýraþjónustunnar ehf. á léninu eydirinn.is og netfanginu meindyr@eydirinn.is.

Í erindinu kemur fram að svo virðist sem Meindýraþjónustan hafi nýlega afritað vefsíðu sína yfir á lénið eydirinn.is, en vefsíða Meindýraeyðis Íslands sé aðgengileg undir léninu eydir.is. Þá virðist Meindýraþjónustan jafnframt hafa nýlega breytt netfangi sínu úr info@meindyrathjonustan.is yfir í meindyr@eydirinn.is. Netfang Meindýraeyðis Íslands sé meindyr@eydir.is. Fyrirtækið telji eydir.is vera auðkenni Meindýraeyðis Íslands á veraldarvefnum og bendi á að Meindýraþjónustan hafi aðeins bætt við greini við lén þess. Telji fyrirtækið þessa breytingu til þess fallna að valda mikilli ruglingshættu og misskilningi meðal viðskiptavinna sinna sem blekki þá þannig í viðskipti við Meindýraþjónustuna.

Meindýraeyðir Íslands hafi lagt töluverða fjármuni og vinnu í kynningarefni sem beint sé að léninu eydir.is og þar af leiðandi netfanginu meindyr@eydir.is. Fyrirtækið telji sig hafa byggt upp stóran og tryggan viðskiptamannahóp með umræddum aðgerðum og að fjárfestingunni sé ógnað með aðgerðum Meindýraþjónustunnar. Þá séu umræddar aðgerðir Meindýraþjónustunnar jafnframt skaðlegar fyrir ímynd Meindýraeyðis Íslands þar sem starf þess einkennist af mjög ströngum gæðastöðlum sem mótaðir séu af áralangri reynslu og byggðir á samþykktum alþjóðastöðlum.

Fyrirtækin séu ekki einungis í sambærilegum rekstri heldur nákvæmlega sama rekstri auk þess sem Meindýraþjónustan beini þjónustu sinni til nákvæmlega sömu aðila. Þannig sé skráning Meindýraeyðis Íslands í fyrirtækjaskrá skráð undir ÍSAT atvinnugreinaflokkun 81.29.0, önnur ótalin hreingerningaþjónusta, skráð 1. mars 2014. Atvinnugreinaflokkun Meindýraþjónustunnar sé hin sama, skráð 5. janúar 2018.

Meindýraþjónustan sé að nota sama auðkenni og Meindýraeyðir Íslands og hafi aðeins breytt netfangi sínu úr info@meindyrathjonustan yfir í meindyr@eydirinn.is. Meindýraeyðir Íslands hafi notast við netfangið meindyr@eydir.is frá 4. maí 2017. Samkvæmt síðu í vefsafni hafi



netfang Meindýraþjónustunnar enn verið óbreytt 9. febrúar 2018 svo vitað sé að því hafi verið breytt eftir þá dagssetningu. Nákvæm dagssetning liggi hins vegar ekki fyrir án aðgangs að vefnum. Þessi breyting Meindýraþjónustunnar ýti gífurlega undir ruglingshættu þar sem eini munurinn á netföngunum sé greinir. Meindýraþjónustan sé að nota auðkennin í nákvæmlega sama tilgangi og augljóst sé að breytingarnar hafi verið framkvæmdar í vondri trú.

## **II. Málsmeðferð**

### **1.**

Með bréfi Neytendastofu, dags. 16. júlí 2018, var erindi Meindýraeyðis Íslands sent Meindýraþjónustunni til umsagnar. Í bréfi Neytendastofu var vísað til þess að ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, kæmi til skoðunar í málinu.

Svar barst með bréfi Meindýraþjónustunnar, dags. 22. ágúst 2018. Í bréfinu kom fram að án þess að fyrirtækið viðurkenndi á nokkurn hátt betri rétt gagnaðila þá hefði fyrirtækið ákveðið að breyta léninu eydirinn.is í mtd.is og netfanginu sömuleiðis. Vonir stæðu til þess að málinu væri þar með lokið.

### **2.**

Með bréfi Neytendastofu, dags. 28. ágúst 2018, var bréf Meindýraþjónustunnar sent Meindýraeyðis Íslands til umsagnar.

Svar barst með bréfi Meindýraeyðis Íslands, dags. 23. september 2018. Í bréfinu kemur fram að fyrirtækið fagni því að Meindýraþjónustan sé tilbúin að hætta notkun á auðkenni þess en í ljósi menntunar fyrirsvarsmanns í tölvunarfræðum hafi fyrirtækið orðið vart við þó nokkrar villur við útfærslu lausnar Meindýraþjónustunnar sem þyrfti að lagfæra.

Svo virtist sem netfangið meindyr@eydirinn.is gæti enn tekið á móti tölvupósti og það sé hægt að sannreyna með því að senda tölvupóst á netfangið. Ef netfangið væri ekki virkt ætti að koma póstur tilbaka sem tilkynni að netfangið sé ekki til. Dæmi um netfang sem ekki sé til sé t.d. netfangið ekkartil@eydir.is, en ef sendur sé tölvupóstur á netfangið berist skilaboð þar sem fram komi að netfangið sé ekki til og geti því ekki tekið á móti pósti. Að auki séu svokallaðar „*mail exchanger*“ eða MX færslur ennþá til staðar á léninu eydirinn.is sem þýði að lénið sé enn tengt við netfangþjónustur, gmail að því er virðist.

Enn fremur hafi lénið eydirinn.is einungis verið áframsent á það sem virðist vera aðal lén Meindýraþjónustunnar, mtd.is. Lénið eydirinn.is sé því enn í notkun og vefsíða Meindýraþjónustunnar komi upp undir því léni, sem sé óásættanlegt.



Þá telji Meindýraeyðir Íslands áframsendinguna frá eydirinn.is yfir á mdt.is sérstaklega skaðlega, þar sem notast sé við 301 áframsendingu, betur þekkta sem „301 permanent redirect“. Þessi tegund af áframsendingu valdi því að vafri viðskiptavinar, sem fari inn á lénið, muni áframsendinguna. Þetta minni valdi því að allar breytingar gerðar á léninu eydirinn.is, eftir að viðskiptavinur hefur heimsótt lénið, muni ekki hafa áhrif. Dæmi um breytingar sem muni ekki hafa áhrif séu áframsending lénsins á annað lén, t.d. ef léninu eydirinn.is yrði beint á eydir.is myndi lénið þá benda á mdt.is. Yrði léninu, eydirinn.is hins vegar lokað, þá myndi lénið enn þá benda á mdt.is.

Meindýraeyðir Íslands fari fram á að allri notkun á auðkenni þess verði hætt og ásættanleg lausn sé afskráning lénsins eydirinn.is úr nafnaþjónum Opex upplýsingatækni (Premis ehf.).

### 3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 24. september 2018, var bréf Meindýraeyðis Íslands sent Meindýraþjónustunni til umsagnar.

Svar Meindýraþjónustunnar barst með bréfi, dags. 10. október 2018. Meindýraþjónustan hafni í fyrsta lagi því að Meindýraeyðir Íslands geti haft einhvern einkarétt á léni og netfangi þar sem orðið „eyðir“ komi fyrir. Það orð hafi alltof almenna skírskotun, svipað og orðið „meindýr“ til starfsemi og starfstéttar. Einn aðili geti því ekki með nokkru móti haft einkarétt á notkun orðsins, hvort sem það sé í fyrirtækjaheiti, vörumerki, léni eða netfangi. Þá sé vert að minna til dæmis á þann mikla fjölda netfanga og léna þar sem orðin „log“ (lög) eða „logmenn“ (lögmennt) komi fyrir í allskyns orðmyndun. Fráleitt væri að una því að einn lögmaður gæti helgað sér netfang eða lén þar sem heiti starfstéttarinnar kæmi fram, ein og sér eða í einhverri orðmynd. Slík regla myndi hamla eðlilegri starfsemi lögmannstofa. Á því sé byggt að hagsmunir af meintri ruglingshættu séu mun léttari á vogarskálinni en þeir hagsmunir að þeir sem reki meindýraeyðingu fái að kenna sig við sitt starfssvið; meindýr og/eða eyðingu.

Í öðru lagi sé á því byggt, að þótt Meindýraþjónustan hafi án skyldu og án þess að fallast á kvörtun Meindýraeyðis Íslands, tekið upp lénið mdt.is, að til verði einhver skylda til að koma í veg fyrir að póstur sem sendur sé á gamla netfangið eða heimsóknir á gamla lénið beini mönnum á hið nýja. Meindýraþjónustan hafi af því ríka hagsmuni að þeir viðskiptavinir sem áður notuðu netfangið eydirinn.is eða fóru inn á slóðina eydirinn.is, rati aftur til hans en lendi ekki í öngstræti eða það sem er enn verra, fari inn á pósthólf eða heimasíðu Meindýraeyðis Íslands. Sé þess krafist að Neytendastofa hafni málaleitan Meindýraeyðis Íslands.

### 4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 15. október 2018, var bréf Meindýraþjónustunnar sent Meindýraeyði Íslands til umsagnar. Svar Meindýraeyðis Íslands barst með bréfi, dags. 20. október 2018. Í bréfinu segir að Meindýraþjónustan sé að misskilja efnið. Þegar hafi komið fram játning um að félagið hafi gert eitthvað misjafnt og séð sig tilneytt að breyta um lén, sem það hafi gert, en samt haldið léni Meindýraeyðis Íslands með greini, eydirinn.is, virku og til þess föllnu að halda áfram mikilli ruglingshættu við lén þess, eydir.is.



Þá sé umfjöllun Meindýraþjónustunnar um orðið „logmenn“ og að enginn geti haft einkarétt á lélinu einfaldlega röng. Logmenn.is sé til að mynda í eigu Reykholts.is.

Í fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra sé ruglingshætta betur fyrirbyggð en ef menn velji að nota orðið lögmenn í fyrirtækjanafni sínu sé þeim skylt að aðgreina sig með sér nafni á eftir orðinu lögmenn. Dæmi um slíkt sé Lögmenn Höfðabakka ehf. Þetta sé gert til þess að ekki sé ruglingshætta og sé fyrirkomulag sem reynist vel og virðist ekki hamla starfsemi lögmanna á neinn hátt.

Þá sé það misskilningur að halda að verið sé að atast í því að Meindýraþjónustan kalli sig því nafni. Fyrst og síðast sé verið að tala um lénið og netfangið eydirinn.is, sem sé nafn Meindýreyðis Íslands, eydir.is, með greini. Þetta sé of líkt til þess að geta gengið. Ljóst sé að meðan lénið eydirinn.is sé enn í notkun, sé ruglingshættan enn til staðar.

Lén Meindýraeyðis Íslands, eydir.is, sé stofnað af fyrirtækinu og af frumkvæði þess löngu á undan Meindýraþjónustunni. Eðlilegt sé því að draga þá ályktun af svörum og orðum Meindýraþjónustunnar, að líklegt sé að þeir miklu hagsmunir sem Meindýraþjónustan fari á mis, séu einfaldlega teknir frá Meindýraeyði Íslands.

Raktar hafa verið tæknilegar ástæður þess sem gera þyrfti til þess að fyrirbyggja áframhaldandi misnotkun á léni Meindýraeyðis Íslands, eydir.is en það verði ekki gert nema að lénið eydirinn.is, verði afmáð með öllu.

Staðan í dag sé sú að vefsíða Meindýraþjónustunnar ehf. komi enn þá upp undir eydirinn.is og tölvupóstar sem sendir séu á meindyr@eydirinn.is virðist enn berast til Meindýraþjónustunnar. Þetta sé þrátt fyrir ábendingar Meindýraeyðis Íslands í bréfi, dags. 23. september 2018, þar sem ruglingshætta og skaðsemi þessarar uppsetningar hafi verið rakin og skýrð. Þá sé sérstök athygli vakin á því að ef slegið sé inn eydir.is fer viðkomandi inn á heimasíðu Meindýraeyðis Íslands og ef sendur sé tölvupóstur á lén fyrirtækisins, meindyr@eydir.is, án greinis, þá berist fyrirtækinu tölvupósturinn. Óneitanlega sé því enn til staðar mikil ruglingshætta þar sem Meindýraþjónustan noti nafn Meindýraeyðis Íslands, einungis með greini. Meindýraeyðir Íslands sé ennfremur búið að vera lengi á markaði en Meindýraþjónustan sé nýtilkomin.

Þá telji Meindýraeyðir Íslands að Meindýraþjónustan sé að nýta sér hugverk fyrirtækisins, sjálfum sér til hagsbóta og það vitandi vits. Þá veki það upp spurningar hvort það sem er hér til skoðunar sé óviljaverk eða ekki hjá Meindýraþjónustunni en birting texta á heimasíðu þess sé til þess fallið að líkja sem mest eftir orðalagi og framsetningu Meindýraeyðis Íslands með smá orðarugli til að breiða yfir líkindin.

Meindýraeyðir Íslands segi á vefsíðu sinni: „*Meindýraeyðir Íslands býður upp á alla þjónustu á meindýravörnum og meindýraeyðingu fyrir heimili, einstaklinga og húsfélög*“.



Meindýraþjónustan umorði setninguna og segi á vefsíðu sinni: „*Meindýraþjónustan ehf. býður upp á þjónustu í eyðingu meindýra og meindýravörnum fyrir fyrirtæki, húsfélög og stofnanir*“.

Þá segi á vefsíðu Meindýraeyðis Íslands: „*Innra eftirlit eftir GAMES (HACCP) og BRC Global standards*“.

Meindýraþjónustan segi í þessu sambandi á vefsíðu sinni: „*Á borð við GAMES (HACCP) og BRC Global standards*“.

Ljóst sé af framangreindu að verið sé að líkja eftir framsetningu Meindýraeyðis Íslands. Meindýraeyðir Íslands telji að báðir aðilar eigi tilkall til auðkenna sinna, Meindýraþjónustan til síns og Meindýraeyðir Íslands til sín. Meindýraþjónustunni sé að meinalausu heimilt að notast við mdt.is, sem það hyggst gera en hætti að nota nafn Meindýraeyðis Íslands, eydir.is, með greini, eins og það sé næg auðkenning. Ekki sé unnt að fallast á annað en að um eitt og sama nafnið sé að ræða, einfaldlega með eða án greinis. Krafist sé að lénið eydirinn.is verði afmáð sökum mikillar ruglingshættu og með því séu hagsmunir fyrirtækisins stórlega skertir.

Kjarni málsins sé að lénin eydir.is og eydirinn.is séu eitt og sama lénið, að undanskildum viðbættum greini. Aðilar séu keppinautar á markaði og sé ruglingshættan á milli lénanna því mjög mikil. Notkun Meindýraþjónustunnar á léninu, áframsent eða ekki, leiði því að mati Meindýraeyðis Íslands, til mikillar ruglingshættu og fari í bága við 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

## 5.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 6. nóvember 2018, var bréf Meindýraeyðis Íslands sent Meindýraþjónustunni til umsagnar.

Svar Meindýraþjónustunnar barst með bréfi, dags. 13. desember 2018. Í bréfinu segir að orðið „*eyðir*“ hafi alltof almenna skírskotun til starfsemi og starfstéttar, til að einn aðili geti haft einkarétt á notkun orðsins, hvort sem það sé í fyrirtækjaheiti, vörumerki, léni eða netfangi. Þá sé verið að vísa til mismunandi orðmynda. Þótt einn aðili eigi netfangið „*eydir.is*“ þá geti hann ekki löghelgað sér öll önnur netfangaheiti þar sem þetta orð sé að finna. Dæmi sem rakin hafa verið í fyrri svörum Meindýraþjónustunnar um lén eða netföng þar sem orðin „log“ (lög) eða „logmenn“ (lögmenn) komi fyrir í alls kyns orðmyndun eigi því vel við hér. Þótt tilvísað fyrirtæki í bréfi Meindýraeyðis Íslands eigi lénið logmenn.is þá geti sá aðili ekki stöðvað notkun léna þar sem þetta sama orð komi fyrir í ýmsum útgáfum. Bendi Meindýraþjónustan á sem dæmi að ein lögmennstofa hafi lénið logmannstofa.is en önnur logmannsstofan.is.



### III. Niðurstaða

#### 1.

Mál þetta varðar kvörtun Meindýraeyðis Íslands ehf. vegna notkunar Meindýraþjónustunnar ehf. á netfanginu meindyr@eydirinn.is og lélinu eydirinn.is. Meindýraþjónustan hafi gert breytingar á léni og netfangi sínu sem nú sé nákvæmlega hið sama og Meindýraeyðir Íslands notist við, að undanskildum viðbættum greini. Fyrirtækin séu í sama rekstri, beini þjónustu sinni til sömu aðila og skráð undir sömu ÍSAT atvinnugreinaflokkun í fyrirtækjaskrá, 81.29.0, önnur ótalin hreingerningþjónusta. Framangreint valdi mikilli ruglingshættu og brjóti gegn ákvæði 15. gr. a., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Fyrirtækið telji breytingar sem gerðar hafi verið með nýju léni, mdt.is, óásættanlegar þar sem lénið eydirinn.is sé enn virkt og aðeins um áframsendingu að ræða auk þess sem netfangið meindyr@eydirinn.is geti enn tekið á móti tölvupósti. Krefst Meindýraeyðir Íslands að allri notkun á auðkenni þess verði hætt og lénið eydirinn.is verði afskráð.

Meindýraþjónustan hafnar framangreindu. Meindýraeyðir Íslands geti ekki haft einkarétt á léni og netfangi þar sem orðið „eyðir“ komi fyrir. Orðið hafi of almenna skírskotun, svipað og orðið „meindýr“, til starfsemi og starfstéttar svo einn aðili geti ekki haft einkarétt á notkun orðsins, hvort sem sé í fyrirtækjaheiti, vörumerki, léni eða netfangi. Slík regla myndi hamla eðlilegri starfsemi fyrirtækja. Hagsmunir af meintri ruglingshættu séu mun léttari á vogarskálinni en þeir hagsmunir að þeir sem reki meindýraeyðingu fái að kenna sig við sitt starfssvið; meindýr og/eða eyðingu. Meindýraþjónustan hafi án skyldu og án þess að fallast á framangreinda kvörtun, tekið upp lénið mdt.is. Í því felist þó engin skylda til að koma í veg fyrir að póstur sem sendur sé á gamla netfangið eða heimsóknir á gamla lénið, beini mönnum á hið nýja. Ríkir hagsmunir felist í því að viðskiptavinir sem hafi áður notað netfangi @eydirinn.is eða vefslóðina eydirinn.is, rati aftur en lendi ekki í öngstræti eða fari inn í pósthólf eða á vefsíðu Meindýraeyðis Íslands.

#### 2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*



Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glöggt að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

### 3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því að jafnaði við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Báðir aðilar málsins hafa skráð fyrirtæki sín sem einkahlutafélög, Meindýraeyðir Íslands þann 7. mars árið 1997 og Meindýraþjónustan þann 5. janúar 2018. Þá hafa málsaðilar báðir skráð lén sín hjá ISNIC. Meindýraeyðir Íslands skráði lénið eydir.is 19. febrúar árið 2017 en Meindýraþjónustan lénið eydirinn.is 12. febrúar árið 2018. Neytendastofa telur báða aðila því eiga rétt til auðkenna sinna. Samkvæmt því kemur 2. másl. 15. gr. a. til álita í málinu.

Meindýraeyðir Íslands og Meindýraþjónustan sinna bæði þeirri þjónustu að eyða meindýrum og nær starfsemi beggja félaga yfir stór höfuðborgarsvæðið og nágrenni. Það er því ljóst að aðilar máls eru keppinautar, mikil þjónustulíking er með starfsemi þeirra og þeir starfa á sama markaðssvæði.

Við mat á því hvort notkun og skráning heitis eða léns brjóti gegn ákvæði 2. másl. 15. gr. a. hefur grundvallarþýðingu hvort þau heiti eða lén sem um er deilt hafi sérkenni sem greini þau frá öðrum. Ef lén eða heiti er einungis lýsandi fyrir þá þjónustu eða vörur sem viðkomandi hefur á boðstólum, en hefur ekki einhver tiltekin sérkenni til aðgreiningar frá öðrum, hefur viðkomandi ekki verið talinn njóta verndar gegn því að annar aðili taki upp áþekk heiti eða lén til kynningar á starfsemi sinni. Orðið eyðir þýðir samkvæmt íslenskri orðabók sá sem eyðir,



drepur eða útrýmir. Notkun orðsins í léni og netfangi aðila málsins vísar því augljóslega til þeirrar þjónustu sem félögin veita.

Með vísan til ofangreinds telur Neytendastofa að orðið eyðir sé það almennt og lýsandi fyrir umrædda þjónustu að skráning og notkun Meindýraþjónustunnar á léninu eydirinn.is og tölvupóstfanginu meindyr@eydirinn.is brjóti ekki gegn ákvæði 15. gr. a., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.

#### **IV. Ákvörðunarorð:**

**„Ekki er ástæða til aðgerða Neytendastofu í máli þessu.“**

Neytendastofa, 18. mars 2019

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir